

# Fylgisbreytingar fyrir borgarstjórnarkosningar 2002

Guðmundur B. Arnkelsson  
Háskóla Íslands

Rétt um tuttugu fylgiskannanir voru birtar síðustu sex vikur fyrir kosningar til borgarstjórnar vorið 2002. Kannanirnar gerðu nokkrir aðilar sem beittu ólíkum aðferðum auk þess sem fjöldi þátttakenda var breytilegur.

Myndin sýnir helstu fylgiskannanir sem birtust á þessu tímabili. Láréttu strikin sýna könnunartímabilin og „B“ sýnir birtingardag niðurstaðna. Félagsvísindastofnun og Gallup skera sig úr fyrir löng könnunartímabil auk þess sem myndin sýnir að nokkrir dagar geta liðið frá því að könnun lýkur þar til niðurstöður birtast.

Í opinberri umfjöllun um fylgiskannanir eru gjarnan veikleikar. Þar má nefna að sjaldan er tekið tillit til lengdar könnunartímabils eða tafar á birtingu, allar niðurstöður voru lagðar að jöfnu óháð úrtaksstærð og hver einstök könnun er túlkuð óháð upplýsingum um aðrar fylgiskannanir.

## Áhrif óvissu á túlkun niðurstaðna

Óvissa skapast vegna flökts í niðurstöðum fylgiskannana þrátt fyrir óbreytt fylgi. Þessi óvissa ákvarðast í meginatriðum af úrtaksstærð—því stærra úrtak því minni óvissa.

Myndin sýnir niðurstöður tveggja kannana í síðustu viku fyrir kosningar. Óvissa í niðurstöðum er sýnd með 95% öryggisbilum. Niðurstöðurnar sýna að fylgi D-lista eykst úr 41,3% í 44,4% á tveimur sólarhringum. Hvor niðurstaða um sig er hins vegar háð mikilli óvissu, samanber öryggisbilin.

Þótt niðurstöðurnar sýni aukið fylgi, leiðir óvissan til þess að erfitt er að fullyrða um raunverulegar breytingar á fylgi. Þessar tvær niðurstöður gætu samræmst allt að tíu prósentustiga aukningu í fylgi D-lista, þær gætu einnig samræmst óbreyttu fylgi, eða jafnvel því að fylgið hafi minnkað um ein fjögur prósentustig.

Það gildir jafnt um þessar tvær kannanir sem aðrar að úrtaksóvissan varnar því að afdráttarlausar niðurstöður séu dregnar af niðurstöðum. Almenn er hæpið að álykta út frá einstökum könnunum eða samanburði stakra kannana. Samt virðist slíkt hafa verið algengt í aðdraganda kosninganna.

## Samhæft fylgismat yfir margar kannanir

Óvissu má minnka ef niðurstöður margra kannana eru teknar saman. Á myndinni sjást niðurstöður kannana fyrir R- og D-lista sem punktar og samsvarandi öryggisbil sem lóðréttar línur. Með jöfnun (*smoothing*) er dregin lína sem sýnir sennilegustu fylgisbreytingar á tímabilinu.


Línan er dregin með aðferð sem tekur á helstu veikleikum í umfjöllun um fylgi framboða í aðdraganda kosninganna.<sup>1</sup> Staðsetning hverrar könnunar miðast við miðju könnunartímabilsins fremur en birtingardag. Auk þess eykst vægi könnunar eftir því sem þátttakendur eru fleiri. Og að síðustu dregur úr áhrifum könnunar á línuna með aukinni fjarlægð í tíma. Það síðastnefnda byggist á því að könnun sé lýsandi fyrir fylgið á þeim tíma sem könnun er gerð en því síður sem lengra er farið fram eða til baka frá könnuninni.

Ef línan er rétt dregin ættu 95% öryggisbilanna að snerta línuna. Í reynd snerta öll öryggisbilin línuna fyrir R-lista og öll nema eitt fyrir D-lista; samtals 33 af 34 öryggisbilum línuna eða um 97% þeirra. Þetta styður trúverðuleika niðurstöðunnar.


Niðurstaðan sýnir hægur breytingar og bendir til að fylgissveiflur hafi verið mun minni en stundum hefur verið talið. Fylgismunur R- og D-lista virðist ná lágmarki í kringum 13. maí og er þá um 5,5 prósentustig en vex hægt fram að kosningum og verður mestur tæp 10 prósentustig rétt fyrir kosningar. Því er réttara að tala um hægur fylgisbreytingar en fylgissveiflur auk þess sem R-listinn hafði ætíð umtalsvert fylgi umfram D-listann.

<sup>1</sup> Beitt er jöfnun með „tricube kernel weighted“ traustri fyrsta stigs aðfallsgreiningu með átta daga bandvidd (Cleveland, 1995) auk þess sem hver könnun er vegin með kvaðratrót af fjölda þeirra sem afstöðu tóku.


Cleveland, W.S. (1995). *Visualizing data*. Summit, NJ: Hobart Press.



Úrtaksóvissa er ráðandi þáttur í niðurstöðum fylgiskannana



Fylgisbreytingar voru hægur og mun minni heldur en breytileiki kannana



Minnsti fylgismunur R- og D-lista var 13. maí, rúm 5 prósentustig, og jókst fram að kosningum upp í tæp 10 stig